

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnessýslu um endurgjald á sveitarstyrk. **65**
28. júní

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 16. febr þ. á., sem ákveður, að Biskupstungnahreppur skuli vera laus við að endurgreiða Reykjavíkurkaupstað $\frac{2}{3}$ hluta fátækrastryks, er Magnúsi nokkrum Magnússyni var veittur í Reykjavík árin 1913 og 1914.

Um miðjan desember 1913 leitaði Magnús þessi Magnússon, þá til heimilis á Fúlutjörn í Reykjavík, fátækrastryks þar. Var þá 16. s. m. lögboðin æfiferilsskýrsla tekin af honum á venjulegan hátt, og var honum þann sama dag veittur styrkur og á næstu mánuðum, en í síðasta sinni í október 1914. Nam styrkurinn alls 214 kr.

Þegar tekin var æfiferilsskýrslan af þurfalingsnum, sem fæddur er 3. maí 1888; kvaðst hann vera fæddur í Reykjavík. Samkvæmt þessu virtist það ótvírátt, að framfærsluveit hans væri í Reykjavík.

Í janúarmánuði 1916 beiddist Magnús aftur styrks, og var þá enn tekin venjuleg æfiferilsskýrsla af honum 29. s. m. og skýrir hann frá á sömu leið um fæðingarstað sinn.

Af tilviljun hafði borgarstjóri fengið litlu áður sterkan grun um, að skýrsla þurfalingsins um nefnt atriði væri röng, og fekk hann til að kannast við þetta fyrir sjer, þegar eftir að hin síðari æfiferilsskýrsla var tekin. Krafðist þá borgarstjóri að ný skýrsla væri tekin af þurfalingsnum fyrir rjetti. Var það gert sama dag. Þá skýrði þurfalingsurinn frá því, að hann væri fæddur á Vatnsleysi í Biskupstungnahreppi, og játaði jafnframt að hann áður viljandi hefði gefið ranga skýrslu um þetta atriði, og hefði gert það meðal annars af því, að hann vildi síður verða sveitlægur fyrir austan, þegar hann þyrfti sveitarstyrks.

Nú krafðist borgarstjóri að hreppsnefnd Biskupstungnahrepps viðurkendi sveitfesti þurfalings þessa og krafðist jafnframt endurgreiðslu á $\frac{2}{3}$ hlutum styrks þess, er hann þáði í Reykjavík árin 1913 og 1914, eða kr. 142,67. Þessa kröfu styður borgarstjóri við það, að lögboðin skýrsla hafi verið tekin af þurfamanninum á hinum lögboðna tíma, og að skýrslan af hendi fátækrastrjórnarinnar hafi verið löglega úr gærði gjörð og að fátækrastrjórn Reykjavíkur hafi gætt alls þess í þessu máli, sem fátækralögin heimta, enda þótt ekki hafi verið gjörðar sjerstakar ráðstafanir til þess að rannsaka það, hvort umrædd skýrsla þurfalingsins væri rjett, enda hljóti sveitarstjórn yfirleitt að ganga út frá því, að lögboðnar skýrslur, sem gefnar eru fyrir yfirvaldi, sjeu svo ábyggilegar sem unt er, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi til að ætla að rangt sje skýrt frá.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps viðurkendi nú sveitfesti Magnúsar þar í hreppi, en hjelt því hins vegar fram, að hreppurinn hefði enga skyldu til endurgreiðslu hinnar umkröfðu upphæðar og neitaði að greiða hana, og styður hreppsnefndin þessa neitun sína við 65. gr. fátækralaganna, 66. gr. og 67. gr. sömu laga, að skýrslan hafi verið rjett tekin, með því að hún sje ekki svo fullkomin sem unt hafi verið, og er sjerstaklega átt við það, að borgarstjóri hafi eigi hirt um að afla sjer vitneskju úr kirkjubókum Reykjavíkurprestakalls um fæðingarstað

65 Magnúsar og þar með gjört sig sekan um vanrækslu, og að tilkynning um styrk-
28. júní. veitinguna sje of seint gjörð samkvæmt 66. gr. nefndra laga.

A þessa skoðun hreppsnefndarinnar hafð þjer fallist í úrskurði yðar.

Í 64. gr. fátækralaganna eru fyrirmælin um það, hvers sveitarstjó-
n dvalarsveitar þurfalings ber að gæta áður en utansveitarþurfalingsi er veittur
styrkur, og mælt fyrir um hvenær og hvernig æfiferilsskýrsla skuli tekin og hver
atriði skýrslan eigi að greina. Ef skýrslan er t-kin á rjettum tíma og innihaldi
hún skýrlega þau atriði, sem upplýsast eiga með svo ítarlegri nákvæmni um æfi-
feril þurfamannsins, sem eftir atvikum er nægilegt til að ákveða sveitfesti hans,
verður hlutaðeigandi fátækrastrjórn að álítast vítalau, þótt hún afli ekki frekari
gagna um þau atriði, sem skýrslan greinir, nema sjerstök ástæða sje til. Þegar
þurfamaðurinn sjálfur gefur skýrsluna og hann er svo andlega heilbrigður, að
hann alment álitid getur talist fær um að bera vitni undir eiðstilboð og hæfur
til að vinna eið að skýrslu sinni, ef þörf krefur, getur það ekki talist vitaverð
vanræksla af hendi sveitarstjórnar, þótt hún sannprófi ekki framburð þurfamanns-
ins um þau atriði, sem hver heilbrigður maður alment veit um æfi sína og síst
er að efa, að hann viti rjett. Aðferð sú, sem fátækralögin fyrirskipa um töku
æfiferilsskýrslu, á einmitt að tryggja það, að þurfamaðurinn greini það sannasta,
sem hann veit um æfi sína. Tjedd lög gjöra alls ekki ráð fyrir því að þurfa-
maður gefi visvitandi ranga skýrslu í blekkingarskyni. Og þegar hlutaðeigandi
fátækrastrjórn er vítalau, á ekki heldur dvalarsveitin af þessum sökum að missa
lögmetan endurgjaldsrjett til þeirrar fúlgú, sem hefur orðið að leggja út til fram-
færslu þurfamanninum.

Meðferð fátækrastrjórnar Reykjavíkur á máli því, er hjer liggur fyrir,
verður samkvæmt framansögðu að teljast lögleg að öllu leyti, þar sem hún og
tilkynti styrkveitinguna í tæka tíð framfærsluhreppnum, eftir að sannleikurinn
hafði komið í ljós um það hver hann væri og krafa gjörð um endurgreiðslu sam-
tímis tilkynningunni.

Reykjavíkurbær á þar af leiðandi ekki að missa neinn rjett sakir hinnar
röngu skýrslu þurfamannsins, og ber því dvalarsveitinni og framfærslusveitinni
að kosta framfærslu hans í sama hlutfalli og lög annars mæla fyrir.

Samkvæmt framanskráðu úrskurðast því hjer með að Biskupstungna-
hreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurkaupstað $\frac{2}{3}$ hluta fátækrastryrks þess, er
ofannefndum Magnúsi Magnússyni var veittur þar árin 1913 og 1914, með kr.
142,67.

Þetta er yður hjer með tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hrepps-
nefnd Biskupstungnahrepps, og ber yður að sjá um, að hin úrskurðaða upphæð
verði greidd Reykjavíkurkaupstað án tafar.

66 *Brjef stjórnnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógetans í Reykjavík um að*
9. júlí. *tilkynna beri stjórnnarráðinu lát útlendinga.*

Þá er útlendir menn hafa dáid hjer á landi, hefur stjórnnarráid sjaldnast